



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykshólahrepps
mánudaginn 12. nóvember 2012, kl. 16:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Karl Kristjánsson og Ingvar Samúelsson. Einnig sat fundinn Anna Greta Ólafsdóttir skólastjóri, Steinunn Rasmus fh. kennara grunnskólasviðs, Katla Tryggvadóttir fh. foreldrafélag leikskólasviðs, Eyvindur Magnússon foreldrafélag grunnskólasvið og Ingibjörg B Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Eiríkur bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1210022 - Fundargerð mennta og menningarmálanefndar 11. september 2012.

Farið yfir fundargerð, fundargerðin samþykkt.

2. 1211003 – Fjárhagsáætlun Reykshólahrepps 2013, mennta- og menningarmál.

Nefndin fór yfir þau drög sem liggja fyrir, skólastjóri fór yfir áætlun Reykhólaskóla og vísar þeim til hreppsnefndar.

3. 1211006 - Mánaðarskýrsla skólastjóra.

Skólastjóri fór yfir skýrslu mánaðarins.

4. 1211007 - Verklagsreglur við hegðunar- og agabrotum í Reykhólaskóla.

Nefndin fór yfir verklagsreglur og vísar þeim til kynningar og umsagnar í Velferðarnefnd og nemendaverndarráð Reykhólaskóla.

5. 1211008 - Verkáætlun Reykhólaskóla vegna gruns um kynferðislegt eða annarskonar ofbeldi gagnvart börnum.

Nefndin fór yfir verkáætlunina og vísar henni til kynningar og umsagnar í Velferðarnefnd og nemendaverndarráð.

6. 1211009 - Menntun starfsfólks Reykhólaskóla.

Erindi frá skólastjóra dagsett 22. október 2012.

Nefndin tekur jákvætt í erindið, rúmist það innan fjárhagsáætlunar.

7. 1211010 – Starfsmannamál, TV einingar.

Tvö erindi frá skólastjóra dagsett 7. nóvember 2012.

Nefndin tekur jákvætt í erindið, og vísar ákvörðun til hreppsnefndar.

8. 1210011 - Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Umsóknin samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

9. 1211012 - 129. fundur skólanefndar Menntaskólans á Ísafirði.

Fundargerð kynnt.

Önnur mál (ef einhver):

Fundargerð lesin, fundi slitið 17:56
